

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Laugardalur Laugardalur, Húsavík



Dags eftirlits	11.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Laugardalur	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elvar Árni Lund	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Kristinn Jóhann Ásgrímsson	Staðsetning	574545,649 617913,682

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávík frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit og ein ábending er lögð fram. Úrbótum á þremur eldri frávikum er ólokið.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Laugardal við Húsavík í samræmi við 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Urðunarstaðnum er heimilt að taka við allt að 500 tonnum af meðhöndluðum óvirkum úrgangi á ári. Geymsla úrgangs inn á urðunarstað er óheimil, að undantekinni heimild til móttöku á ómengduðum jarðvegi til nýtingar vegna frágangs á urðunarstaðnum (hámark 500 m3 hverju sinni). Starfsleyfi var gefið út þann 16. desember 2015 og er gildistími þess til 16. desember 2031.

Boðað umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - Farið yfir starfsleyfið
 - Eftirlitsmælingar og skráningar
 - Áætlanir og viðbrögð
 - Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - Kynning á meðfylgjandi gögnum
 - Önnur mál
 - Skoðunarferð á urðunarstað
1. Opin eru þrjú frávík úr eftirliti ársins 2024 og varða að frágangur var ekki í samræmi við verklag í starfsleyfi, hefur verið bætt úr því atriði og staðfest í eftirliti nú og frávíki því lokið. Annað frávík varðaði að skráningum vegna tölul. 3-4 var ekki skilað við uppgjör ársyfirlits vegna ársins 2023 og á það einnig við um skráningar nú. Úrbætur hafa ekki farið fram en rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun og frávíkið því enn opið þar til úrbætur hafa farið fram. Eitt opið frávík varðaði að ekki var hægt að taka sýni úr öllum mælibrunnum vegna vöktunar við urðunarstað, árið 2024 var staðan álík þegar eftirlit fór fram og ekki hægt að taka sýni úr einum brunni, frávíkið er því enn opið.
2. Farið var yfir kröfur starfsleyfis.
3. Skráningum í ársyfirliti var ekki skilað vegna rekstrarársins 2024. Rekstraraðili hefur skilað inn skráningum á úrgangstöllum í gagnagátt Umhverfis- og orkustofnunar þann 15. apríl sl., í þeim skilum er þó ekki gerður aðskilnaður á um hvorn urðunarstað ræðir sem tilheyrir Norðurþingi sem skráningarnar eiga við. Rekstraraðila ber að skila skráningum á mótteknum úrgangi í samræmi við skráningar vegna innra eftirlits út frá starfsleyfi vegna beggja urðunarstaða sveitarfélagsins í ársyfirliti og skila árlega. Niðurstöðum vöktunar á urðunarstað var skilað eftir eftirlit þann 11. september sl. ásamt veðurskráningum fyrir urðunarstaðinn sem og uppgufunarútreikningum. Skráningar eru hins vegar ófullnægjandi þar sem vantar inn skráningar á tölul. 3 og 4. og núllskráningum á þeim atriðum sem eiga ekki við um eftirfarandi rekstrarár (tölul. 2 og 5).
4. Rekstraraðili hefur áður lagt fram viðbragðsáætlun byggða á áhættumati sem gefin var út árið 2014. Mælt er með að ryna allar áætlanir reglulega, m.a. viðbragðsáætlun og athuga hvort tilefni sé til þess að endurskoða eða uppfæra þær. Eftir eftirlit lagði rekstraraðili fram afrit af ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar.
5. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits á næsta ári skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit helst óbreytt frá síðasta ári.
6. Fjallað var um breytt fyrirkomulag eftirlits hjá Umhverfis- og orkustofnun og voru einnig kynntar nýjar

leiðbeiningar um olíuskiljur, en erindi um hvoru tveggja fylgdi fundarboði eftirlits.

7. Önnur mál voru tekin til umræðu, m.a. staða úrgangsmála í sveitarfélaginu og aðlögun að breyttum skilyrðum sorphirðu.

8. Farið var í vettvangskoðun inn á urðunarstað, ekki var tilefni til athugasemda, frágangur var í lagi en eitt frávik kom fram.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

frá gr. 3.2 (og 5.3) í starfsleyfi og frá III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og 8. gr. rg. nr. 535/2011 um um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun

Vöktun bendir til þess að umhverfismarkmið vatnshlots umhverfis urðunarstaðinn við Laugardal náist ekki. Í brunni Hús-A mælist olía = 28 mg/L (árið 2023 var það ekki mælt) en sá brunnur er viðmiðunarbrunnur og er staðsettur ofan vatnsstreymis að urðunarstað. Í Hús-C mælist olía 29 mg/L (árið 2023 = <2 mg/L), engin mæling var framkvæmd í brunni Hús-B árið 2024 og 2023.

gr. 4.1 í starfsleyfi:

Við móttöku úrgangs til urðunar skal fara fram sjónrænt mat til að sannreyna að úrgangur uppfylli móttökuskilyrði staðarins. Rekstraraðila ber að sjá til þess að allur úrgangur sem fer inn á urðunarstað samræmist móttökuskilyrðum starfsleyfis. Þegar eftirlit fór fram var búið að koma fyrir óvirkum úrgangi fyrir inn á urðunarstað sem og plaströr og fellur það ekki að skilyrðum starfsleyfis.

5.1 í starfsleyfi:

Rekstraraðila ber að skrá allar þær upplýsingar um eftirfarandi atriði sem þar koma fram. Skráningar vegna ársins 2024 voru ófullnægjandi (sjá frekari umfjöllun í meginexta).

gr. 5.2. í starfsleyfi:

Til staðar skal vera fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni. Brunnur HÚS-B er ekki hægt að vakta, sú hola var þurr haustið 2023 og lítið vatn í henni árið 2024, þrátt fyrir óvenjulega háa grunnvatnsstöðu þegar sýnataka fór fram. Ekki náðist að taka sýni úr brunninum. Rekstraraðili verður að bæta úr ástandi brunnsins svo hægt sé að koma á sýnatökum og vöktun eða setja upp nýjan sýnatökubrunn.

gr. 5.4 í starfsleyfi:

Niðurstöðum skráninga sbr. gr. 5.1. í starfsleyfi ber að skila árlega, fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöður á skráningum vegna ársins 2024 var ekki skilað.

ÁBENDINGAR

Ábending nr. 1:

Niðurstæða vegna vöktunar var skilað eftir eftirlit. Olía/fita mælist í niðurstöðum úr sýnatökum ársins 2024 í tveimur af þremur grunnvatnsbrunnum við urðunarstað Laugardals í Húsavík. Hlutfallslega er enginn markvissur munur á niðurstöðum olíu/fitu milli grunnvatnsbrunna hvort sem staðsettir eru fyrir ofan urðunarstað eða neðan. Mikilvægt er að gæta að því við framkvæmd á sýnatökum í vatni að stöðlum sé fylgt varðandi framkvæmd sýnatöku og greiningaraðferðir, sbr. kafla 1.3.6 í III viðauka í rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun sem og 3. kafla í viðauka III í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Má einnig benda á að sbr. 12. gr. í rg. nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns er fjallað um tæknilegar varúðarráðstafanir gagnvart urðunarstöðum til að koma í veg fyrir losun efna sem tilheyrja lista I í viðauka sömu reglugerðar út í grunnvatn en öll bein losun efna í grunnvatn sem eru á þeim lista er óheimil. Á lista I eru m.a. jarðolíur og kolvetni. Rekstraraðila ber að sjá til þess að viðhalda góðu efnafræðilegu ástandi grunnvatns og yfirborðsvatns. Í rg. 738/2003 um urðun úrgangs er einnig fjallað um skyldu rekstraraðila til að bregðast við ef mengun greinist í grunnvatni og ber að fara þá í

móttvægisaðgerðir ef niðurstaðan leiðir slíkt í ljós. Ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar útgáfa starfsleyfis fór fram, er stofnuninni heimilt að endurskoða starfsleyfið. Í ljósi þess sem hér að framan greinir varðandi olíu/fitu er talin þörf á að bæta við eftirfarandi mælipáttum í vöktunaráætlun starfsleyfisins til samræmingar við kafla 4.b í III viðauka í rg. nr. 738/2003 um urðun úrgangs og bæta við mælipáttum á jarðolíu/vetniskolefni, þ.e. (olíuvísir C10-C40), fenól, heildarmagn lífræns kolefnis, flúoríð og arsen. Einnig er þörf að bæta við mælipáttunum, klóríð, súlfat, fosföt, nitrít ásamt summu af tríklóretýlen og tetraklórétýlen til samræmingar við 8. gr. a í rg. nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, álagsgreiningu og vöktun og viðauka III, B-hluta undir gr. 2.3.4 um viðmiðunargildi fyrir mengunarvalda í grunnvatni og mengunarvísa. Rekstraraðila ber að vakta einnig mælipáttinn PAH 16 við framkvæmd næstu vöktunar (mælt 2026).

ANNAÐ

Nánari umfjöllun um frávík nr. 2.

Umsjónarmaður urðunarstaðar upplýsti eftirlitsaðila um að það kemur fyrir annað slagið að fjarlægja þurfi úrgang sem fer þarna inn og er þá sá aðili sem kom með úrganginn beðinn um að fjarlægja það sem ekki getur talist óvirkur úrgangur. Hægt væri að koma í veg fyrir slík tilvik með því að yfirfara alla þá farma af úrgangi sem eiga að fara inn á urðunarstaðinn áður en lagt er af stað til að losa úrganginn inn á urðunarstað. Eftir eftirlit sendi rekstraraðili ljósmynd því til staðfestingar að búið væri að fjarlægja plaströrin.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík,



Halla Margrét Viðarsdóttir